



Breyting vísitölu neysluverðs í samræmi við væntingar

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,27% milli mánaða í júlí

Hagstofa Íslands birti júlímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) nú í morgun. Vísitalan lækkaði um 0,27% milli mánaða. Lækkunin var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu -0,2% til -0,4%. Hagfræðideild Landsbankans spáði 0,2% lækkun.


Ársverðbólgan hækkaði milli mánaða og er nú 3,8% samanborið við 3,3% í júní. Aukin verðbólga, þrátt fyrir lækkun milli mánaða, er vegna grunnáhrifa en VNV lækkaði um 0,7% milli mánaða á sama tíma í fyrra.

Kjarnavísitala 3 lækkaði nokkuð meira milli mánaða, eða um 0,55%. Tólf mánaða hækkun hennar er nú 4,1%


Helstu áhrifaþættir milli mánaða

Af fimmtán undirliðum sem Hagfræðideild fylgist með voru fjórir sem lækkuðu milli mánaða, tveir sem stóðu í stað og níu sem hækkuðu. Fjórir undirliðir höfðu mest áhrif:

- Föt og skór lækkaði um 10,4% milli mánaða (áhrif á VNV: -0,54%). Sumarútsölur voru í samræmi við reynslu seinustu ára, en seinustu þrjú ár hefur þessi liður að jafnaði lækkað um 10% í júlí og síðan hækkað um 5% í ágúst og september.
- Ferðir og flutningar án bensíns og kaupa ökutækja lækkaði um 1,5% milli mánaða (Áhrif: -0,11%). Þar munar mest um að flugfargjöld lækkuðu um 5,2% milli mánaða. Þetta er sá liður sem að sveiflast mest og því erfiðast að spá fyrir um. Þessi lækkun gengur að öllum líkindum að mestu leyti til baka næstu tvo mánuði.
- Bensín hækkaði um 2% milli mánaða (áhrif: +0,11%) í samræmi við verðkönnun okkar.



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



- Reiknuð húsaleiga hækkaði um 1,3% milli mánaða (áhrif: +0,17%). Vísitala markaðsverðs íbúðarhúsnæðis sem Hagstofan tekur saman hækkaði um 1,4% milli mánaða. Þar af hækkaði fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu um 1,6%, einbýli á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,4% og húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins lækkaði um 0,6%.

Mismikil ársþækkun...

Eins og áður kom fram er ársbreyting vísitölunnar 3,8%. Það eru þrjár undirliðir sem að skera sig nokkuð út varðandi hversu mikið þeir hafa hækkað á seinasta ári: póstur og sími (+8,5%), áfengi og tóbak (+7,5) og menntun (+5,7%).

Mikil þækkun póst og síma skýrist fyrst og fremst af þækkun þjónustu en farsímaþjónusta hefur hækkað um 16,7% milli ára og internettengingar um 9,4%. Á mótí hafa símtæki lækkað verulega, eða um 13,3% samkvæmt mælingu Hagstofu.


Þróun næstu mánaða

Verðbólgan mun verða á svipuðu róli fram í október samkvæmt bráðabirgðaspá okkar. Sveiflukenndir liðir geta haft töluverð áhrif á spána. Bensínverð hefur hækkað nokkuð skarpt undanfarna mánuði. Verð bensíns hefur jafnan mikil áhrif á VNV og gætu áframhaldandi verðþækkunar aukið verðbólguþrýsting með haustinu.

Reiknuð húsaleiga hefur hækkað um 4,5% frá því í janúar 2013. Undanfarna mánuði hefur sést aukin kraftur í þækkunum á húsnæðisverð. Þannig hækkaði vísitala markaðsverð húsnæðis á landinu öllu, sem Hagstofan birtir samhliða mælingu á vísitölu neysluverðs, um 5,3% frá því í janúar. Haldi sú þróun áfram mun sá liður leiða til aukinnar verðbólgu með haustinu.


Að síðustu er töluverð óvissa um hvað tekur við í kjölfar kjarasamninga í nóvember. Verði samið um ríflegar nafnlaunahækkanir mun það að öðru óbreyttu leiða til aukinnar verðbólgu á nýju ári.

Smásöluverð á bensíni




Heimild: Hagfræðideild, Bloomberg

Ársbreyting undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Húsnæðisverð



Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.